

# Lög

um breytingu á lögum um bindandi álit í skattamálum, nr. 91/1998,  
með síðari breytingum (gildistími útgefinna álita, hækkun gjalds).

---

1. gr.

Orðin „og viðkomandi skattyfirvalds“ í 1. másl. 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

1. másl. orðast svo: Ríkisskattstjóri skal leggja bindandi álit til grundvallar skattlagningu álitsbeiðanda.
- Við bætast tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Gildistími bindandi álita sem ríkisskattstjóri gefur út skv. 4. gr. er fimm ár. Hafi álitsbeiðandi ekki gert ráðstafanir sem fjallað er um í álitinu innan þess tíma fellur það niður.

3. gr.

Í stað „75.000 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: 150.000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 7. maí 2019.*